

Iðnaðarnefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 13. apríl 2011  
2011030024/42-1-1  
TB  
jgo/tb

### Frumvarp til laga um virkjun neðri hluta Þjórsár

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 24. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um virkjun neðri hluta Þjórsá.

Í greinargerð með framangreindu frumvarpi kemur fram að lagt er til að ráðist verði í virkjun neðri hluta Þjórsár í þeim tilgangi að efla atvinnulíf á sunnanverðu landinu og eru jafnframt nefndir ýmsir möguleikar á nýtingu orkunnar. Fram kemur að Landsvirkjun vilji fá sem hæst verð fyrir orku frá umræddum virkjunum og vilji því ekki selja orkuna t.d. til stóriðju. Flutningsmenn frumvarpsins telja að Landsvirkjun eigi að endurskoða þessa afstöðu. Mati á umhverfisáhrifum framangreindra virkjana er lokið en ekki hefur verið gefið út framkvæmdaleyfi, eðli málsins samkvæmt, og því hefur ekki verið gengið frá því hvernig skilyrðum sem sett hafa verið í úrskurðum í matsferlinu verður fylgt eftir.

Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands er framangreint frumvarp byggt á þeirri afstöðu að fara eigi í virkjunarframkvæmdir í neðri Þjórsá til uppbyggingar á atvinnulífi mikið til án tillits til þess hvað orkan er notuð í. Frumvarpið sem slíkt tekur ekki sérstaklega á þeim þáttum sem snúa að umhverfis- og náttúruverndarmálum, s.s. laxastofninum í Þjórsá, heldur er vísað í að mati á umhverfisáhrifum sé lokið. Náttúrufræðistofnun Íslands telur það liggja fyrir utan hlutverk stofnunarinnar að leggja mat á hvaða atvinnuvegir geti almennt nýtt íslenska orku. Þetta á þó ekki við ef um er að ræða ósjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda eða að væntanleg starfsemi hefur bein skaðleg áhrif á náttúru Íslands enda ber stofnuninni að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúruauðlinda sbr. 4. gr. laga nr. 60/1992. Þar sem ekki liggur fyrir í hvað á að nota orkuna er lítið um þetta atriði að segja. Bent er á að stór hluti íslenska laxastofnsins gengur upp í Þjórsá og Urriðafoss hefur mikið aðdráttarafl. Uppi eru hugmyndir um að virkja einnig Ölfusá með hugsanleg skaðleg áhrif á laxastofna. Hugmynd um virkjun Ölfusár er ný en það ber engu að síður að skoða framkvæmdir í neðri hluta Þjórsár með sammögnunaráhrif á laxastofna í huga.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að ekki eigi að taka ákvarðanir um virkjanir í neðri hluta Þjórsár nema tryggt sé, sem mat á umhverfisáhrifum eitt og sér gerir ekki, að um sé að ræða virkjanir í anda sjálfbærrar þróunar þ.e. að ekki verði óafturkræf áhrif á lífríki eða aðra




náttúru landsins, s.s. á laxastofna, og að félagslegir og efnahagslegir þættir samræmist þessu markmiði jafnt sem að verðgildi náttúruauðlindina sé metið að fullu.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

